

Fimmtudaginn 2. júní 1977.

Nr. 78/1977. **Halldór Vilhjálmsson**
 gegn
Hreppsnefnd Fellahrepps
f. h. hreppsins og
Félagsmálaráðherra og
Fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.
 Varnarþing. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. t. b, laga nr. 73/1975 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1976, sem Hæstarétti barst 13. s. m. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 27. apríl 1977, verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fallast má á það með héraðsdómara, að varnarþingsregla 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936 eigi við um sakarefni það, sem dæma skal um í máli þessu. Samkvæmt nefndu ákvæði ber sækjanda að höfða mál í þinghá, þar sem fasteign liggur, ef dómkröfur hans eru þess efnis, sem í ákvæðinu segir. Má hann því ekki kjósa, hvort hann sækir málið á því varnarþingi eða á heimilisvarnarþingi verjanda. Í 1. mgr. 81. gr. framangreindra laga er aðiljum einkamáls hins vegar veitt heimild til að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða lög-sagnarundæmi og í hvaða þinghá sem er. Verður að skýra ákvæði þetta svo, að það taki einnig til mála þeirra, sem 1. mgr. 78. gr. fjallar um. Aðiljar hafa gagnert samið um, að

mál þeirra skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Með vísun til þessa ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Með skirskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms tel ég, að staðfesta beri hann.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 22. apríl sí., hefur Halldór Vilhjálmsson menntaskólakennari, Lagarfelli, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. nóvember og 25. nóvember 1975, á hendur hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, Norður-Múlasýslu, og félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefndu er sótt þing, og við þingfestingu var lögð fram yfirlýsing allra aðilja málsins þess efnis, að þeir væru sammála um að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu og að málið skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- „1) Viðurkennt verði með dómi, að ógild sé heimild félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps til þess að taka eignarnámi landareign stefnanda að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, ásamt tilheyrandi vatnsréttindum.
- 2) Ómerk verði dæmd meðferð matsmálsins: Fellahreppur, Norður-Múlasýslu, gegn Halldóri Vilhjálmssyni, fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.
- 3) Allir stefndu, hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar til stefnanda í máli þessu.“

Dómkröfunni samkvæmt 1) er beint að félagsmálaráðherra og Fellahreppi sameiginlega, en dómkröfunni undir 2) er beint að Fellahreppi einum.

Dómkröfur stefnda Fellahrepps eru þær, að hreppurinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að verði litið svo á, að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins um að samþykka eignarnám Fella- hrepps á landi stefnanda þyki of víðtæk að einhverju leyti, þá verði hún ekki dæmd ógild, nema að því er nákvæmlega þar til- tekin atriði varðar. Jafnframt er þá sú krafa gerð, að málskostna- aður verði í þessu tilviki niður felldur.

Sáttaumleitanir hafa farið fram, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Halldór Vilhjálmsson, er eigandi landareignarinnar Lagarfells, Fellahreppi í Norður-Múla- sýslu. Landareign þessi er u. þ. b. 22 hektarar að stærð og liggur miðsvæðis á Fljótsdalshéraði, nánar tiltekið á bökkum Lagarfljóts að norðanverðu, þar sem Lagarfljótsbrúin tengir saman Norður- og Suður-Múlasýslur. Vatnsréttindi í Lagarfljóti og Leginum fylgja landinu. Stefnandi á þarna sjálfur hús og hefur helgað sér nokkra lóð við það, auk þess telur hann sig hafa hug á að nota hluta landsins undir atvinnurekstur. Þá hefur hann selt og leigt nokkrar lóðir undir íbúðarhús og önnur mannvirki.

Í landareign stefnanda eru krossgötur. Þar mætast Austur- landsvegur og sýsluvegurinn austur Fellahrepp og upp í Fljóts- dal. Aðalflugvöllur Austurlands, Egilsstaðaflugvöllur, er í nokkur hundruð metra fjarlægð, og Egilsstaðakauptún er í u. þ. b. tveggja km fjarlægð.

Land þetta tilheyrir Fellahreppi, en Fellahreppur hefur verið lýstur skipulagsskylt svæði, sbr. auglýsingu nr. 77 18. apríl 1963.

Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 1972, fór hreppsnefnd Fellahrepps þess á leit við ráðuneytið, að það heim- laði hreppsnefndinni að taka landareign stefnanda eignarnámi skv. heimild í 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Með bréfi, dags. 13. febrúar 1973, samþykkti ráðuneytið, að hreppsnefnd Fellahrepps tæki fyrrgreinda landspildu eignar- námi.

Stefnandi heldur því fram, að hvorki hreppsnefnd Fellahrepps,

skipulagsstjórn né félagsmálaráðuneytið hafi leitað álits stefnanda á máli þessu, áður en eignarnám var heimilað. Hann hafi enga vitneskju fengið um eignarnámsheimildina fyrr en heilu ári eftir að hún var veitt, eða í febrúarmánuði 1974. Þá hafi formaður matsnefndar eignarnámsbóta tilkynnt honum um framkomna eignarnámsmatsbeiðni. Mál þetta var tekið fyrir í matsnefnd eignarnámsbóta 10. júlí 1974. Stefnandi lagði þá fram greinargerð, þar sem framgangi matsins var mótmælt og þess krafist, að málinu yrði vísað frá matsnefndinni. Við fyrirtekt málsins 26. maí 1975 hafnaði matsnefndin frávisunarkröfu stefnanda með bókun. Jafnframt samþykkti matsnefndin, að hreppsnefnd Fellahrepps fengi þá þegar umráð nokkurra lóða úr landi stefnanda, sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Hefur hreppsnefnd Fellahrepps sett bankaábyrgð að upphæð kr. 1.500.000 sem tryggingu fyrir væntanlegum bótum fyrir þessar lóðir.

Þá heldur stefnandi því fram, að við fyrirtekt málsins 26. maí 1975 hafi matsefnið allt í einu verið fært þannig til bókar, að það sé að halda áfram eignarnámsmati á landi Halldórs Vilhjálmssonar, Hlöðum við Lagarfljótsbrú, *ásamt tilheyrandi vatnsréttindum*. Segir hann, að skrifleg beiðni í þessa átt hafi ekki legið fyrir fyrir í málinu og orðun eignarnámsheimildar gefi ekki tilefni til slíkrar útvíkkunar matsefnisins. Með bréfi, dags. 7. júlí 1975, beindi matsnefnd eignarnámsbóta þeirri fyrirspurn til félagsmálaráðuneytisins, hvort skilja ætti eignarnámsheimild ráðuneytisins til Fellahrepps frá 13. febrúar 1973 þannig, að vatnsréttindi væru innifalin í samþykki ráðuneytisins. Í svarbréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. júlí 1975, sagði, að eignarnámsheimildin tæki til allra eignarréttinda á landspildu stefnanda, þar með talin vatnsréttindi. Stefnandi telur, að framangreind eignarnámsheimild, svo sem hún kemur fram í bréfi félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps, dags. 13. febrúar 1973, og skýrð í bréfi sama ráðuneytis til matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 9. júlí 1975, sé andstæð lögum og því ógild. Enn fremur telur stefnandi, að meðferð eignarnámsmatsmálsins fyrir matsnefnd eignarnámsbóta á grundvelli framangreindra eignarnámsheimildar sé andstæð lögum og beri því að ómerkja meðferð málsins. Stefnandi byggir dómkröfur sínar aðallega á því, að það sé almenn regla íslensks réttar, að gefa beri væntanlegum eignarnámsþola kost á að gæta réttar síns, áður en ákvörðun um eignarnám er tekin eða heimild til eignarnáms veitt. Stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig

um beiðni hreppsnefndar Fellahrepps, áður en leyfið var veitt. Þá telur hann fyrirbyggjandi eignarnámsheimild of víðtæka, þar sem henni virðist ætlað að taka til vatnsréttinda, einkalóðar stefnanda og annarra lóða, sem búið sé að byggja á, seldra og leigðra, og lóða, sem stefnandi hafi sérstaklega óskað að halda eftir fyrir sjálfan sig.

Um dómkröfu 2) segir stefnandi, að af hálfu eignarnema hafi ekki verið gerð sú grein fyrir matsbeiðninni sem fyrir sé mælt í 4. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Fleiri atriði telur hann upp, sem hann telur eiga að valda því, að kröfu hans skv. þessum lið eigi að taka til greina.

Stefndu hafa andmælt þessum skoðunum stefnanda.

Yfirborgardómari úthlutaði málinu til dómara þess, er nú fer með það, þann 29. október sl. Málinu hefur síðan verið frestað til gagnaöflunar nokkrum sinnum að ósk aðilja málsins.

Þann 22. apríl sl. er bókað í þingbók, að með hliðsjón af 1. mgr. 108 gr. laga nr. 85/1936 gefi dómariinn aðiljum kost á að tjá sig um, hvort vísa eigi málinu frá dómi ex officio. Dómariinn benti í þessu sambandi aðiljum á ákvæði 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936, sbr. dóm frá árinu 1970, bls. 297 í dómasafni Hæstaréttar.

Lögmaður stefnanda tók þá til máls og krafðist þess, að málinu yrði ekki vísað frá. Hélt hann því fram, að 1. mgr. 78. gr. laga 85/1936 ætti ekki við, þar sem hér væri ekki deilt um réttindi yfir fasteign. Sakarefnið félli ekki undir skilgreiningu greinarrinnar. Hann lagði málið síðan í úrskurð eða dóm. Lögmenn stefndu lýstu því yfir, að þeir tækju undir sjónarmið stefnanda varðandi þennan þátt málsins og legðu málið í dóm eða úrskurð. Aðiljar kröfðust ekki málskostnaðar vegna þessa álitaefnis.

Álit dómsins.

1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936 hljóðar svo: „Nú skal kröfur gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda, eða um hluti skeytta við fasteign eða í, og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur. Sameina má slíku máli kröfur, er af réttindum þessum eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á því varnarþingi.“

Málsefni það, sem hér er til umfjöllunar, varðar sjálfan eignarréttinn yfir landareign stefnanda að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, sem best sést á því, að verði kröfur stefnanda ekki teknar til greina, er eignarráðum hans á þessu landi lokið. Kröfur stefndu eru á því byggðar, að eignarnám Fellahrepps á landinu sé viðurkennt. Af þessu leiðir, að ekki verður á annað

fallist en 1. mgr. 78. gr. eigi við um málsefnið. Eftir orðalagi ákvæðisins er það óundanþægt, og samkvæmt skýringum Hæstaréttar í dómi í XLI. bindi, bls. 297, á 81. gr. laga 85/1936 hér ekki við. Skiptir því ekki máli yfirlýsing aðilja um, að þeir séu því sammála, að málið skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Það verður því niðurstaða máls þessa, að vísa eigi því frá dómi ex officio. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 2. júní 1977.

Nr. 61/1977. **Iðnvélar h/f**
 gegn
Stálvirkjanum h/f.

Kærumál. Lausnargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1977, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949.

Hinn 2. nóvember 1976 var tekin fyrir í fúgetarétti Reykjavíkur beiðni sóknaraðilja um kyrrsetningu á eignum varnaraðilja til tryggingar skuld varnaraðilja við hann. Í þingbók er skráð: „Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og